

11. gr.

Gjalddagi vatnsskatts skal vera 15. janúar ár hvert.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, sem taka má lögtaki, einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Sektarfé rennur til sveitarsjóðs.

Mál út af broti á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvolhrepps í Rangárvallasýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir vatnsveitu Stórólshvolshverfis nr. 196 19. desember 1967.

Félagsmálaráðuneytið, 17. apríl 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

24. apríl 1973.

Nr. 127.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 16. apríl 1973 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur, að í stað útivistarsvæðis við enda Síðumúla komi iðnaður og vörugeymslur, er kallist Síðumúli 2, 4 og 6.

Félagsmálaráðuneytið, 24. apríl 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

27. apríl 1973.

Nr. 128.

REGLUGERÐ

um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Heiti stofnunarinnar er Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

2. gr.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins er sjálfstæð stofnun með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald, lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir iðnaðarráðherra. Heimili og varnarþing stofnunarinnar er í Reykjavík.